

**73. fundur Skóla- og frístundaráð, haldinn í fundarherbergi 3. hæð, Stillholti 16-18,
5. nóvember 2018 og hófst hann kl. 16:30**

Fundinn sátu:

Þórður Guðjónsson formaður, Sigríður Indriðadóttir varaformaður, Kristinn Hallur Sveinsson aðalmaður, Ásthildur Ósk Ragnarsdóttir áheyrnarfulltrúi, Sigrún Inga Guðnadóttir áheyrnarfulltrúi, Arnbjörg Stefánsdóttir áheyrnarfulltrúi skólastjóra grunnskóla, Sigurður Arnar Sigurðsson áheyrnarfulltrúi skólastjóra grunnskóla, Hjörðís Dögg Grímarsdóttir, Hallbera Fríður Jóhannesdóttir áheyrnarfulltrúar starfsfólks grunnskóla, Anney Ágústs dóttir áheyrnarfulltrúi leikskólastjóra, Þórdís Árný Örnólfssdóttir áheyrnarfulltrúi starfsfólks leikskóla, Heiðrún Janusardóttir áheyrnarfulltrúi, Jón Hjörvar Valgarðsson áheyrnarfulltrúi ungmenna, Valgerður Janusdóttir sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs og Friðbjörg Eyrún Sigvaldadóttir verkefnastjóri.

Fundargerð ritaði: Valgerður Janusdóttir, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs.

Fyrir tekið:

1. 1710049 - Bæjarstjórnarfundur unga fólksins 21.nóvember 2017

Bæjarstjórnarfundur unga fólksins var haldinn 21. nóvember í bæjarþingsal að Stillholti 16 - 18. Erindi ungmennaráðs voru fjölbreytt og snéru þau bæði að því sem vel er gert í bæjarféluginu og því sem betur má fara.

Skóla- og frístundaráð þakkar ungmennaráði fyrir erindin sem lögð voru fyrir bæjarstjórnarfund unga fólksins. Ráðið mun senda tillögur bæjarstjórnarfundar unga fólksins til meðferðar á viðeigandi sviðum samkvæmt samantekt verkefnastjóra á skóla- og frístundasviði.

Áheyrnarfulltrúi Heiðrún víkur af fundi kl. 17:10

2. 1711240 - Samræmd könnunarpróf og lesferilspróf haustið 2017

Kynning skólastjóra á niðurstöðum samræmdra könnunarprófa í 4. og 7. bekk og lesferilsprófa og viðbrögð skólanna við niðurstöðunum.

Samræmd könnunarpróf fyrir 4. og 7. bekk í íslensku og stærðfræði voru lögð fyrir í grunnskólum á Íslandi á tímabilinu 21.-29. september 2017 og hafa niðurstöður nú borist skólunum. Jafnframt voru kynntar niðurstöður lesferilsprófa sem lögð voru fyrir í báðum grunnskólunum í september 2017.

Á fundinum var farið yfir niðurstöðurnar og þær ræddar.

Skóla- og frístundaráð telur mikilvægt að lykilfólk í skólunum rýni niðurstöðurnar og meti þannig styrkleika og áskoranir í skólastarfinu með það að markmiði að stuðla að sem bestum árangri nemenda. Lögð er áhersla á gott samstarf við foreldra við að ná markmiðum skólanna.

Áheyrnarfulltrúar Sigurður Arnar, Arnbjörg, Hallbera, Hjörðís og Jón Hjörvar víkja af fundi kl. 18:00

3. 1610022 - Starfsemi leikskóla - sumarlokun 2018

Málið rætt og afgreiðslu frestað.

Áheyrnarfulltrúar Anney og Þórdís Árný víkja af fundi kl. 18:45

4. 1710094 - Gjaldskrár skóla- og frístundasviðs árið 2018

Lögð fram tillaga að breyttum texta um systkinaafslátt í gjaldskrám skóla- og frístundasviðs.

Tillaga samþykkt.

Í eldri gjaldskrám skóla- og frístundasviðs er orðalag um systkinaafslátt sett fram með villandi hætti og því er lagt til að breyta orðalagi eftirfarandi:

Systkinaafsláttur:

Fyrsta barn greiðir fullt gjald

Annað systkini greiðir 50% af gjaldi

Priðja systkini greiðir 25% af gjaldi

Verður eftir breytingar:

Yngsta barn greiðir fullt gjald

Annað systkini greiðir 50% af gjaldi

Priðja systkini greiðir 25% af gjaldi

Systkinaafsláttur gildir milli dagforeldra, leikskóla, frístundar og lengdrar viðveru fatlaðra nemenda í 5. - 10. bekk. Greitt er fullt gjald vegna yngsta barns og síðan koll af kolli.

5. 1711030 - Útileikvöllur fyrir fullorðna

Kynning á hugmyndum.

Skóla- og frístundaráð leggur til að útileikvöllurinn verði á einum stað í bænum, jafnframt er lagt til að leitað verði tilboða í sambærileg tæki og sett hafa verið upp í Mosfellsbæ. Einnig verði lögð fram kostnaðargreining á verkinu í heild.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 19:30.

Jónas Guðjónsson
Sigridur Indriðadóttir
Sigrún Inga Guðnadóttir
Asthildur Ósk Þórssel.
Kristinn Hallur Geirasson
Valgerður Jónsdóttir